

## SPURNINGAR FRÁ UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND FYRIR FUND 19.5 2020

Vegna fundar umhverfis- og samgöngunefndar með Vegagerðinni 19.5 2020 var Vegagerðin beðin um að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hver er staða mála sem falla undir átaksverkefni ríkisstjórnarinnar. Skipulagslega og framkvæmdalega?
2. Hefur Vegagerðin fengið upplýsingar um hvað af 60 ma. framkvæmdaátaki 2021-22-23, er áætlað til samgöngumála, þ.e. vega, flugvalla og hafna?
3. Kjalarnesið, hvernig er staða á því verkefni? Skipulagslega og útboðslega?
4. Gufudalssveitin; tvær kærur bærust, hafa þær áhrif á framkvæmdir fyrir vestan? Hver er tímalína annarra verkhluta?
5. Sundabraut; í síðustu viku upplýsti borgarstjóri að breyting á veglínu Sundabrautar vegna „Þorpsins“ hafi verið gerð í samráð við Vegagerðina, passar það? Telur Vegagerðin viðbótarkostnað felast í færslu vegstæðisins upp í holtið ofan við Gufunesið?
6. Geirsgata; strætóstop pistöð.
7. Gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar, mislæg gatnamót (sbr. samgöngusáttmála), hvernig er staða undirbúnings?
8. Borgarlína; er til greining á því hvar BRT-vagnar eru ætlaðir í almennu flæði umferðar? Þ.e. þar sem er þröngt um hvað þversnið vegar varðar.
9. Suðurlandsbraut; þrenging á götu, er einhver aðkoma Vegagerðar?
10. Umferðarmódel fyrir höfuðborgarsvæðið, staða og aðkoma sveitarfélaga.

Spurningunum var svarað á fundinum, en einnig var óskað eftir skriflegri samantekt.

1. Undirbúningur og framkvæmdir verka sem falla undir sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak ganga mjög vel. Nú þegar er búið er að opna tilboð vegna 7 verklegra vegaframkvæmda og unnið er í hönnun eða undirbúningi í öllum verkunum. Flest verkanna eru í undirbúningi á ráðgjafastofum nú þegar, en útboð á hönnun verðir síðan í nokkrum stærri verkum í sumar. Varðandi hafna- og sjóvarnaverkefnin er það sama að segja. Undirbúningur er í gangi og stefnt að útboðum fyrir framkvæmdir í sumar.
2. Vegagerðin hefur ekki fengið nákvæmar upplýsingar um framkvæmdaáttak fyrir árin 2021-2023, en hefur hins vegar stillt upp mögulegum sviðsmyndum fyrir slíkt áttak. Stór hluti af því áttaki verða verkefnin sem sett voru af stað í fjárfestingaráttakinu 2020 og eru nú í undirbúningi.
3. Vegagerðin lagði fram frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir breikkun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi í febrúar 2020. Reiknað er með að álit Skipulagsstofnunar verði birt á næstu vikum. Unnið er að verkhönnun fyrir fyrri áfanga verksins og búið er við að sá áfangi verði boðinn út í júní 2020. Seinni áfanginn verður síðan tilbúinn til útboðs í september 2020, en tímasetning útboðs ræðst m.a. af fjárveitingum til verksins.
4. Það bærust 2 kærur vegna útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir nýjan Vestfjarðaveg um Gufudalssveit. Vegagerðin skilaði greinargerðum til úrskurðarnefndar þann 20. maí. Það má gera ráð fyrir að það taki úrskurðarnefndina 6 – 9 mánuði að úrskurða. Vegagerðin er að undirbúa útboð vegna tveggja verkhluta sem gætu farið af stað fyrr. Annars vegar lagningu bundins slitlags á um 6 km á núverandi Vestfjarðaveg í Gufufirði sem mun nýtast sem tengivegur að bæjum í Gufudal að loknum framkvæmdum. Að

- auki mun það nýtast umferð á Vestfjarðavegi næstu 4-5 ár þar til framkvæmdum er lokið í Gufudalssveit. Hins vegar er stefnt að þverun Þorskafjarðar sem er þá hluti af leið Þ-H eða leið D2. Ekki hefur reynt á hvort að úrskurðarnefndin heimili þær framkvæmdir en það mun skýrast á næstu vikum.
5. Sundabraut. Það voru gerðar breytingar á veglínu Sundabrautar um Gufunes árið 2018 þar sem nýr vegur var færður til í tengslum við deiliskipulagsgerð í Gufunesi. Sú vinna var í samvinnu með Reykjavíkurborg. Ekki var unnið kostnaðarmat á þeirri breytingu.
  6. Geirsgata er á svokölluðum skilavegalista og átti að færast yfir til Reykjavíkurborgar í síðasta lagi í árslok 2019. Aðkoma Vegagerðarinnar að málinu vegna strætóbíðstöðvar var engin. Vegagerðin hefur ekki gert athugasemdir við þær framkvæmdir sem sveitarfélögin hafa farið í á skilavegum.
  7. Í samgöngusáttmála er ekki tekið fram að gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar eigi að vera mislæg. Gerð var greining á umferðarflæði fyrir Reykjanesbraut/Sæbraut frá Holtavegi að Stekkjarbakka árið 2017/2018. Skv. Samgöngusáttmálanum er gert ráð fyrir sérrými fyrir almenningsamgöngur á Reykjanesbraut frá Mjódd í Vogabyggð og er verið að endurskoða fyrri greiningar á umferðarflæði við gatnamót Bústaðaveg m.t.t. þessa. Markmið greiningarinnar er að leiða fram lausn sem leysir umferð bíla og almenningsvagna og verða gerð frumdrög í framhaldinu. Stefnt er að því að frumdrög liggi fyrir fyrrihluta árs 2021 sem munu fara í formleg skipulagsferli og áframhaldandi hönnun (for- og verkhönnun).
  8. Í frumdragavinnu Borgarlínu eru skoðuð mismunandi þversnið sem miða að því að byggja nýjar akreinar fyrir sérrými Borgarlínu og að nýta núverandi akreinar fyrir sérrýmið. Lagt er mat á kosti og galla mismunandi lausna. Þar sem byggð er þétt og göturýmið er þröngt og ekki hægt að breikka það með góðu móti, er lagt til að vagnarnir aki í blandaðri umferð með almennri umferð. Blönduð umferð mun að öllum líkindum verða á hluta Borgarholtsbrautar, Hverfisgötu, Laugavegur milli Rauðarárstígs og Katrínartúns, Hringbraut milli Suðurgötu og Bjarkargötu ef sú leið verður valin. Reynt verður að draga úr gegnumakstri almennrar umferðar á þessum götum en þó að veita aðgengi fyrir íbúa og vörur á viðkomandi svæðum. Vinna við frumdrög Borgarlínu er ekki lokið og því ekki búið að leggja til bestu útfærslu en í lok árs 2020 munu liggja fyrir tillögur ásamt greiningu á áhrifum sem útfærslur hafa á aðra samgöngumáta. Samhliða frumdragavinnu er unnið að mati á umhverfisáhrifum þar sem íbúum og hagsmunaaðilum gefst tækifæri á að koma sínum athugasemdum á framfæri og gæti það haft áhrif á val lausna.
  9. Í frumdragavinnu Borgarlínu er búið að teikna upp tvö þversnið fyrir Suðurlandsbraut; annars vegar þar sem tvær af núverandi akreinum eru nýttar fyrir sérrými Borgarlínu og hins vegar þar sem tveimur akreinum er bætt við götuþversniðið. Suðurlandsbraut er ekki stofnbraut í eigu Vegagerðarinnar. Þegar nýja samgöngulíkanið er tilbúið verður það notað til að greina áhrifin sem þrenging á Suðurlandsbraut hefur á aðra samgöngumáta og nálægar götur og stofnbrautir. Einnig verða gerðar umferðarhermanir til að fá mat á áhrifum. Niðurstöður þessara greininga verða notaðar til að taka ákvörðun um útfærslu Suðurlandsbrautar sem og annarra gatna.
  10. Verið er að leggja lokahönd á smíði á nýju samgöngulíkani sem sýnir umferð bíla, almenningsvagna og hjólandi vegfarenda fyrir árin 2024, 2029 og 2034 m.v. þær framkvæmdir sem eru áætlaðar skv. Samgöngusáttmálanum. Líkanið er unnið sem samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og SSH undir stýringu verkefnastofu Borgarlínu. Líkanið mun verða tilbúið sumarið 2020 og verða eign Vegagerðarinnar og SSH. Vegagerðin mun hýsa líkanið eftir að það er tilbúið og annast ut anumhald þess og mun Vegagerðin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu geta notað líkanið í framtíðar verkefnum.